

Örþættir úr skólasögu 1 - Menntun skólastjórnenda 1986-1987



Ó
l
a
f
u
r
H
·
J
ó
h
a
n
n
s
s
o
n

Skólaþræðir birta nú minningarbrot Ólafs Helga Jóhannssonar um verkefni sem hann tók að

sér á langri starfsævi og hann nefnir *Örþætti úr skólasögu*. Ólafur kom m.a. mjög að þróun kennaramenntunar, ekki síst menntun skólastjórnenda, mótun menntastefnu í aðdraganda að flutningi grunnskólans yfir til sveitarfélaganna, sem og að ritstjórn aðalnámskrárinnar 2011/2023. Inngang Ólafs að þessum skrifum má lesa [hér](#).

Hér segir Ólafur frá aðild sinni að undirbúning framhaldsnáms fyrir skólastjórnendur, en hann kom að því námi frá 1988 til 2013.

*Þitt er menntað afl og önd
eigirðu fram að bjóða
hvassan skilning, haga hönd,
hjartað sanna og góða.*

Stephan G. Stephansson

Menntun skólastjórnenda hafði um árabil verið baráttumál Skólastjórafélags Íslands (áður Félag skólastjóra og yfirkennara), þegar ég var kosinn formaður þess vorið 1985. Ég hafði alls ekki leitt hugann að formennsku í því ágæta félagi þegar ég fékk símtal frá fráfaraendi formanni sem tjáði mér að ágreiningur væri um þá sem hefðu lýst sig fúsa til að gegna embættinu og að menn gætu sæst á að ég tæki við formennskunni. Ég féllst á beiðnina, stóð upp frá hádegismatnum, hraðaði mér á aðalfund félagsins og kom þangað í þann mund sem talningu atkvæða lauk. Ég flutti stutta, óundirbúna þakkarræðu og gat með sanni sagt að þetta kjör hefði sannarlega komið mér á óvart.

Stjórn félagsins var einhuga um að gera menntun skólastjórnenda að baráttumáli félagsins í stjórnartíð minni. Við Ásgeir Guðmundsson, forstöðumaður Námsgagnastofnunar sem barist hafði ötullega fyrir þessu máli þegar hann var formaður félagsins, skrifuðum menntamálaráðherra, Sverri Hermannssyni, og fórum þess á leit að ráðuneytið skipaði nefnd til að gera tillögur um sérsniðið nám fyrir stjórnendur skóla. Bréfið sendum við 3. janúar 1986 (Ólafur H. Jóhannsson og Ásgeir Guðmundsson, 1986). Okkur til nokkurrar undrunar en óblandinnar ánægju féllst ráðherra á tillögu okkar og í apríl skipaði hann þriggja manna nefnd sem í sátu Jónas Pálsson rektor Kennaraháskólans, Sigurður Helgason deildarstjóri í Menntamálaráðuneytinu, formaður og undirritaður.

Nefndin tók þegar til starfa og í byrjun nóvember sama ár sendi hún ráðherra tillögur ásamt kostnaðaráætlun (Sigurður Helgason o.fl., 1986).

Meðan nefndin var að störfum sóttum við Sigurður Helgason námskeið í Mora í Svíþjóð sem

ætlað var stjórnendum skóla. Námskeiðinu stjórnaði Norðmaður að nafni Per Dalin, mikill eldhugi og vel þekktur meðal kollega. Honum til aðstoðar var Svíinn Mats Eckholm sem við nefndarmenn höfðum hitt á fundi í Menntamálaráðuneytinu. Mats hafði skyldunám fyrir sænska skólastjóra á sinni könnu sem starfsmaður við Skolverket, nokkurs konar Menntamálastofnun þeirra Svía.

Á námskeiðinu var einkum fjallað um tvö meginþemu: annars vegar um forystuhlutverk skólastjóra og hins vegar um skólaþróun og tengsl þessara þátta. Námskeiðið var afar áhugavert en svo önnur kafinn var Per Dalin að síðasta morguninn var hann á bak og burt án þess að kveðja kóng né prest og þótti sumum það heldur endasleppt hjá honum. Þess má geta að í lögum um grunnskóla 1995 var bætt við efnisgreinina um hlutverk skólastjóra orðunum „og veitir honum faglega forystu.“

Ráðherra féllst á tillögurnar og með bréfi sem er dagsett 5. mars 1987 fól hann Kennaraháskólanum að hefja undirbúning að námi fyrir stjórnendur skóla í samræmi við tillögur nefndarinnar (Sverrir Hermannsson, 1987). Það leið því ekki nema tæpt ár frá því að nefndin var skipuð þar til ákvörðun ráðherra lá fyrir.

Meginefni tillagnanna var sem hér segir:

- Námið fari fram við Kennaraháskóla Íslands og verði ætlað skólastjórum og yfirkennurum grunn- og framhaldsskóla.
- Umfang námsins verði sem svarar 15 einingum (hálfis árs námi) og dreifist á eitt og hálf ár.
- Námið skiptist þannig að sex vikum verði varið í námskeið sem standi 1–2 vikur í senn. Átta vikum verði varið í sjálfstætt nám á starfstíma skóla sem stutt væri með fjarkennslu. Einni viku varið í vettvangsferðir í aðrar stofnanir. Lagt var til að þátttakendum yrði veittur 10% afsláttur af vinnuskyldu þær átta vikur sem þeir stunduðu sjálfstætt nám.
- Námið verði skipulagt þannig að það geti orðið fyrsti hluti framhaldsnáms til MA- eða M.Ed-gráðu við Kennaraháskóla Íslands.
- Þegar fram í sækir verði námið gert að skilyrði fyrir skipun í stöðu stjórnanda (Ólafur H. Jóhannsson 2011).

Starfshópur innan Kennaraháskólans útfærði tillögurnar og sumarið 1988 var námið auglýst og fyrsti hópurinn hóf 15 eininga stjórnendanám um haustið. Börkur Hansen sat í hópnum sem útfærði tillögurnar og honum var falin umsjón með náminu. Börkur hafði lokið doktorsprófi í stjórnun menntastofnana. Hann kom til Bristol undir vorið þeirra erinda að fá umsögn Háskólans þar í borg um skipulag og inntak stjórnendanámsins. Þennan vetur stundaði ég framhaldsnám í stjórnun menntastofnana við Háskólann í Bristol. Ég valdi þennan háskóla ekki síst vegna þess að í tengslum við hann var rekið þróunarsetur um

menntastjórnun sem þjónaði landinu öllu. Forstöðumaður þess var Ray Bolan. Honum voru kynntar tillögurnar og fengu þær góða umsögn hjá honum. Hann skrifaði:

Má ég taka fram í byrjun að viðbrögð okkar eru mjög jákvæð. Námið virðist vera mjög vel skipulagt og byggt á skýrum og gildum hugtakamma. Það stenst fyllilega samanburð við svipuð námstilboð í Englandi og það á einnig við um Bandaríkin að svo miklu leyti sem ég þekki til þeirra. Styrkur námsins virðist einkum liggja í því hvernig reynt verður að tengja saman fræði og framkvæmd. (Ray Bolam, 1988, Ólafur H. Jóhannsson þýddi)

Einnig fengum við vilyrði fyrir því að námið yrði metið til eininga við Háskólann í Bristol.

Fyrsti hópurinn lauk námi í desember 1989. Árið 1997 voru inntökureglur rýmkaðar og náðu þær einnig til leikskólastigsins.

Eftirmáli

Erfitt getur verið að átta sig á hvað ræður ákvörðun menntamálaráðherra um að fallast á eða hafna beiðni sem honum berst. Hvenær hittir maður á óskastund? Miklu varðar að beiðnin sé skýr og afdráttarlaus og greinargerð stutt og hnitmiðuð. Þá er einnig mikilvægt að lykilstarfsmenn í ráðuneytinu séu upplýstir um erindið, því telja má líklegt að ráðherra feli þeim að kanna málið og reifa það til að auðvelda honum að taka afstöðu.

Þegar námið hófst haustið 1988 svaraði umfang þess til hálf árs náms en lengdist svo upp í eitt ár og svo til meistaraþráðu. Við vorum þrjú sem bárum hitann og þungann af stjórnun og kennslu á þessari námsbraut. Börkur Hansen og Steinunn Helga Lárusdóttir auk mín, einstaklega góðir vinnufélagar og aldrei brá skugga á samstarf okkar. Þeim sem vilja fræðast meira um námið og framvindu þess er bent á kverið *Stjórnendanám við Kennaraháskóla Íslands/ Menntavísindasvið Háskóla Íslands* þar sem nánari lýsingar er að finna (Ólafur H. Jóhannsson, 2011).

Þegar þessar línur eru skrifaðar í maí 2025, hefur drjúgur hluti skólastjóra grunnskóla lokið framhaldsnámi á sviði stjórnunar. Það bíður svo einhverra að freista þess að leggja mat á hverju þessi menntun hefur skilað þegar framvinda skólastarfs undanfarna áratugi er skoðuð.



Kennaraháskól Íslands. Myndin er tekin af vefsíðu Háskóla Íslands.

Heimildir

Lög um grunnskóla nr. 66/1995.

Ólafur H. Jóhannsson. (2011). *Stjórnendanám við Kennaraháskóla Íslands/ Menntavísindasvið Háskóla Íslands*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Óbirt efni

Ólafur H. Jóhannsson, Ásgeir Guðmundsson til Sverris Hermannssonar menntamálaráðherra 3. janúar 1986. (Í vörslu Ólafs H. Jóhannssonar).

Ray Bolam forstöðumaður NDC til Jónasar Pálssonar rektors Kennaraháskóla Íslands 21. júlí 1988 (Skjalasafn Kennaraháskóla Íslands, skjalaflokkur B, kassi 28, örsk 1).

Sigurður Helgason o.fl. til Sverris Hermannssonar menntamálaráðherra 7. nóvember 1986. (Skjalasafn Kennaraháskóla Íslands, skjalaflokkur B, kassi 28, örsk 1).

Sverrir Hermannsson menntamálaráðherra til Jónasar Pálssonar rektors Kennaraháskóla Íslands 5. maí 1987 (Skjalasafn Kennaraháskóla Íslands, skjalaflokkur B, kassi 28, örsk 1).

Um höfund

Ólafur H. Jóhannsson (1943) er fæddur og uppalinn í Hnausakoti í Miðfirði. Hann stundaði almenn sveitastörf til 15 ára aldurs. Gekk í farskóla frá 9 til 12 ára og var nokkrum árum síðar tvo vetur í Reykjaskóla í Hrutafirði. Ólafur lauk kennaraprófi frá Kennaraskólanum 1966, stúdentsprófi 1968, BA-prófi frá Háskóla Íslands 1974 og meistaraþáttu frá

háskólanum í Bristol 1988. Hann var um árabíl skólastjóri Æfingaskóla Kennaraháskólans og lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (áður Kennaraháskóla Íslands).

SKÓLAPRÆÐIR

TIHARIT SAMTAKA ÆFINGAFÓLKS OG SKÓLAPRÆÐA

Grein birt 29. desember 2025